

Kent M Keith heldur opinn fyrirlestur í Háskóla Íslands 8. mars kl. 16

Fyrirlesturinn er í hátíðarsal HÍ og er öllum opinn

Mánudaginn 8. mars kl. 16.00 heldur Dr. Kent M. Keith opinberan fyrirlestur í Háskóla Íslands undir yfirskriftinni: *Servant Leadership: Ethical, Practical, and Meaningful*.

Fyrirlesturinn er undirbúinn í samtarfi viðskiptafræðideildar, hjúkrunarfræðideildar og guðfræði- og trúarbragðafræðideildar og er öllum opinn.

Dr. Keith er einn af helstu forvígismönnum þjónandi forystu og framúrskarandi fyrirlesari. Hann er framkvæmdastjóri *Greenleaf Center for Servant Leadership* í Indianapolis í Bandaríkjunum og höfundur fjölmargra bóka um þjónandi forystu.

Árið 2008 gaf hann út bók sína *The Case for Servant Leadership* sem er þekkt hér á landi meðal þeirra sem kynnt hafa sér hugmyndina undanfarin misseri. Meðal annarra bóka Kents má nefna *The Paradoxical Commandments* og *The Universal Moral Code*. Sjá nánar á vefsíðu Dr. Keith <http://www.kentmkeith.com>.

Helgina 5. til 7. mars er námstefna með Dr. Keith í Skálholti.

*Sunnudaginn 7. mars kl. 14 er guðþjónusta í Skálholtskirkju og þar predikar Dr. Keith undir yfirskriftinni *Servant Leadership in the Broader Context of the Paradoxical Life and Teachings of Jesus*.*

Upplýsingar um heimsókn Kent M. Keith og námstefnuna í Skálholti veita Kristinn Ólason, rektor í Skálholti kristinn hjá skalholt.is og Sigrún Gunnarsdóttir, lektor Háskóla Íslands sigrungu hjá hi.is

Þjónandi forysta er hugmyndafræði, hugsjón, samskiptaðferð og leiðtogastíll. Þjónandi leiðtogi er fremstur meðal jafningja. Þjónandi forysta skapar traust, hver og einn leggur sig fram við að hlusta, skilja, sannfæra, gefa vald og skapa tækifæri sem leiðir til starfsánægju og árangurs í starfi.

Þjónandi forysta lýsir sér með einlægum áhuga á að þjóna öðrum og áhuga á að aðrir blómstri og njóti sín. Stefnufesta og ábyrgð einkenna þau sem temja sér þessa hugsjón, þau láta tilgang starfsins vera í öndvegi og standa vörð um hagsmuni heildarinnar.

Þetta er lífsstíll og árangursrík aðferð fyrir hvern sem er, óháð starfi eða stöðu. Þjónandi forysta nýtur vaxandi fylgis um allan heim og fjölmargar rannsóknir sýna fram á gildi hennar.

<http://thjonandiforysta.is/>

